

Graziani-Weiss gegn Austurríki

Dómur frá 18. október 2011

Mál nr. 31950/06

4. gr. **Bann við þrældómi og nauðungarvinnu**

14. gr. Bann við mismunun

Skipun lögráðamanns. Skyldur lögmanna. Staða lögmanna og annarra lögfræðinga.

1. Málsatvik

Kærandi, Wolfgang Graziani-Weiss, er austurrískur ríkisborgari, fæddur árið 1963 og er búsettur í Linz í Austurríki þar sem hann starfar sem lögmaður. Kæranda var tilkynnt í júlí árið 2005 að austurrískur dómstóll hygðist skipa hann lögráðamann K sem var andlega vanheill og átti enga aðstandendur sem hægt væri að skipa sem lögráðamann hans. Starf lögráðamanns var ólaunað. Kærandi mótmælti þessari fyrirætlan dómstólsins og kvaðst ekki hafa nægan tíma til að sinna skyldum lögráðamanns enda vildi hann verja tíma sínum með fjölskyldu sinni. Þá benti hann á að hann hefði hvorki reynslu af umönnun geðsjúkra né næga fjármuni til þess að greiða fyrir tryggingar sem K gat ekki greitt sjálfur. Dómstóllinn féllst ekki á þessi rök kæranda og skipaði hann lögráðamann K frá og með september 2005. Dómstóllinn benti á að það væri samfélagsleg skylda lögmanna, sem bundin væri í lög, að veita þeim þjóðfélagsþegnum sem verr stæðu lögfræðiaðstoð. Kærandi áfrýjaði ákvörðuninni þar sem hann taldi það fela í sér mismunun að aðeins lögmönnum en ekki öðrum lögfræðimenntuðum mönnum væru faldar slíkar samfélagslegar skyldur. Áfrýjun kæranda var vísað frá hæstarétti landsins árið 2006.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að skipun hans sem lögráðamanns gegn vilja hans væri nauðungarvinna sem bryti gegn 4. gr. sáttmálans. Þá væri það mismunun sem bryti gegn 14. gr. sáttmálans að aðeins lögmönnum en ekki öðrum löglærðum mönnum væri gert skylt að taka að sér lögráðamennsku.

Niðurstaða

Um 4. gr. Dómstóllinn leit svo á að kæranda hlyti að hafa verið ljóst þegar hann ákvað að gerast lögmaður að hann yrði mögulega skipaður lögráðamaður einhvern tíma á starfsævinni. Þetta fól að mati dómstólsins að vissu leyti í sér fyrirframsamþykki af hálfu kæranda. Slíkt verkefni væri innan starfssviðs lögmanna og fól að mati dómstólsins ekki í sér of þungbærar kvaðir. Þá voru þau mál sem kærandi hefði þurft að sinna fyrir K einföld og lítil í sniðum og fælu ekki í sér mikla skerðingu á einka- og fjölskyldulífi hans. Dómstóllinn féllst því ekki á að það að þurfa að taka að sér starf lögráðamanns fæli í sér nauðungarvinnu og þar með brot á 4. gr. sáttmálans.

Um 14. gr. Dómstóllinn áréttaði að mismunun fæli í sér að komið væri fram við einstaklinga í sambærilegri stöðu á ólíkan hátt án lögmætrar ástæðu. Með því að skylda aðeins þá sem starfa sem lögmenn en ekki aðra löglærða til að taka að sér störf lögráðamanna væru gerðar meiri kröfur til þeirra fyrirnefndu. Hins vegar yrði að líta til þess að lögmenn hefðu ákveðnar skyldur og réttindi samkvæmt lögum sem aðrir löglærðir einstaklingar hefðu ekki. Dómstóllinn taldi því að þessar tvær stéttir væru ekki í sambærilegri stöðu hvað varðaði skyldur og réttindi og því væri heimilt að fela lögmönnum auknar skyldur sem rúmuðust innan þeirra starfssviðs. Niðurstaða dómstólsins var því sú að ekki hefði verið brotið gegn 14. gr. sáttmálans.